

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

52

6. apríl

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1955.

Atvinnuáráðuneytið, 6. apríl 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð og umferðarmerki í Reykjavík.

53

26. jan.

I.

Aðalbrautir.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941, 7. gr., hefur bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkt, að eftirtaldir vegir og götur í Reykjavík skuli teljast aðalbrautir:

- | | |
|--------------------|-------------------|
| 1. Aðalstræti. | 9. Laugavegur. |
| 2. Austurstræti. | 10. Lækjargata. |
| 3. Bankastræti. | 11. Miklabraut. |
| 4. Borgartún. | 12. Skúlagata. |
| 5. Frikirkjuvegur. | 13. Snorrabraut. |
| 6. Hafnarstræti. | 14. Sóleyjargata. |
| 7. Hringbraut. | 15. Túngata. |
| 8. Hverfisgata. | 16. Vesturgata. |

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefur sett fyrirsmáli um, að eftirtaldir vegkaflar í Reykjavík og nágrenni skuli teljast aðalbrautir:

1. Suðurlandsbraut frá vegamótum Laugarnesvegur, að þeim meðtöldum, að Geithálsi, þó að undanskildum vegamótum Mosfellssveitarvegur, sbr. 2. lið, niðurlag.
2. Mosfellssveitarvegur frá vegamótum Suðurlandsbrautar innan við Elliðaár að vegamótum Þingvallavegar, að báðum vegamótum meðtöldum. Um hin fyrrtöldu vegamót helzt forréttur Mosfellssveitarvegur óskertur, en forréttur Suðurlandsbrautar fellur niður.
3. Reykjanesbraut (Hafnarfjarðarvegur) frá Miklatorgi að vegamótum Norðurbrautar, ofan við Hafnarfjörð, að báðum vegamótum meðtöldum.

Aðalbrautir njóta þess forréttar, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, er að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

Eftirtalin gatnamót njóta aðalbrautarréttar:

1. Gatnamót Túngötu, Bræðraborgarstígs og Holtsgötu, þannig að umferð um Bræðraborgarstíg beri að víkja fyrir umferð um Túngötu og Holtsgötu.